

**G J A L D S K R Á**

fyrir Rafveitu Bolungarvíkur.

72

25. marz

**I. RAFORKA**

Rafveita Bolungarvíkur selur raforku á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

**A. Lýsing.**

Um kwst.mæli á kr. 2.00 hverja kwst.

**B. Almenn heimilisnotkun.**

Um kwst.mæli á kr. 1.00 hverja kwst., auk fastagjalds, er nemi kr. 4.00 á mánuði fyrir hvert herbergi í íbúð. Til herbergja í íbúð skal telja öll herbergi, sem ætluð eru sem íveruherbergi og eldhús, en ekki ganga, baðherbergi eða geymslur.

**C. Vélar.**

Um kwst.mæli á kr. 1.50 hverja kwst. Hafi vélarnar mjög stuttan notkunartíma á ári, má krefjast minnsta árgjalds, kr. 200.00 á hvert uppsett kw. vélanna.

**D. Önnur notkun.**

1. Raforku til suðu í gisti- og matsöluhúsum og öðrum þessháttar stöðum skal selja um kwst.mæli á kr. 1.00 hverja kwst., enda séu tækin fasttengd og notkunin mæld um sérmæli.
2. Til vinnulagna við byggingar, meðan á byggingu stendur, um kwst.mæli á kr. 1.50 hverja kwst.
3. Til götu- og hafnarlýsingar um kwst.mæli á kr. 1.50 hverja kwst., og annast rafveitan þá rekstur og viðhald lýsingarkerfisins.

Alla raforkunotkun, sem ótalin er og ekki kemst undir aðra liði þessarar gjaldskrár, skal selja eftir gjaldskrárlið A. Þegar sérstaklega stendur á, er rafveitustjórn þó heimilt að selja raforku eftir stérstökum samningi í hvert skipti, en eigi lengur en til eins árs í senn.

**II. MÆLALÆIGA**

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir hverja veitu, og er ákvörðun hans skuldbindandi fyrir notandann, sem skal greiða leigu af mælitækjum sem hér segir:

- |  |                    |
|--|--------------------|
| 1. Af einfasa mælum upp að 30 amp. ....      | kr. 2.00 á mánuði. |
| 2. — þrífasa mælum 50 amp. og minni .....    | — 3.00 — —         |
| 3. — þrífasa mælum yfir 50 til 100 amp. .... | — 7.00 — —         |
| 4. — þrífasa mælum yfir 200 amp. ....        | — 10.00 — —        |

Af öðrum mælitækjum en þeim, sem nefnd eru, skal ársleigan vera sem næst 20% af verði mælitækjanna. Leigan skal innheimt um leið og gjald fyrir raforku.

**III. HEIMTAUGARGJALD**

Af hverri húsveitu, sem tengd er við rafveituna, skal greiða heimtaugargjald, er miðist við brunabótamat á húsum og mannvirkjum á þann hátt, sem hér segir:

17

*Fyrir jarðlínuheimtaug:*

Grunngjald kr. 600.00, og auk þess  
1,0% af brunabótamati upp að 100 þúsund kr. og  
0,5% af brunabótamati umfram 100 þúsund kr.

*Fyrir loftlínuheimtaug:*

greiðist 70% af heimtaugargjaldi fyrir jarðlínuheimtaug.

Heimtaugargjald fyrir peningshús, hlöður, þurrbúðir og önnur útihús greiðist eftir reikningi.

Í útreikningi á heimtaugargjaldi skal sleppa hálfu þúsundi eða minna af brunabótamati, en ella hækka upp í heilt þúsund. Ef brunabótamat á húsi er gamalt, getur rafveitustjóri samræmt það nýju mati og miðað heimtaugargjaldið við það. Láti húseigandi meta húsið á ný, skal heimtaugargjaldið miðast við það mat.

Heimtaugargjald fellur í gjalddaga, þegar er uppsetningu heimtaugar er lokið eða þegar brunabótamat hefur verið framkvæmt. Heimilt er að veita gjaldfrest á helmingi heimtaugargjalds í allt að 10 mánuði.

Sé lengd jarðlínuheimtaugar meiri en 25 metrar og loftlínuheimtaugar meiri en 60 metrar og/eða gildleiki víra meiri en  $3 \times 70$  mm<sup>2</sup>, skal húseigandi greiða kostnað af því, sem umfram er, eftir reikningi.

Ef lagðar eru fleiri en ein heimtaug að sama húsi, skal greiða allan kostnað af heimtaugum umfram eina, eftir reikningi.

Heimtaugargjald vegna jarðstrengslagnar 1951 miðast við brunabótamat, sem gildi fyrir tímabilið 15. október 1950 til jafnlengdar 1951.

**IV. OPNUNARGJALD**

1. Hafi gjald samkvæmt gjaldskrá þessari ekki verið greitt, svo að til lokunar komi fyrir veitu, skal taka gjald fyrir enduroppnun, kr. 20.00.
2. Ef fundin eru óleyfileg vör eða of stór, skal veitunni lokað tafarlaust og verður hún ekki enduroppnuð fyrr en notandinn hefur greitt 20 kr. gjald á skrifstofu rafveitunnar.

**V. HEIMILD TIL BREYTINGA**

Hreppsnefnd er heimilt að hækka eða lækka gjöld, sem ákveðin eru í I. kafla þessarar gjaldskrár, um allt að 20%, án sérstakrar staðfestingar ráðuneytisins, enda auglýsi hreppsnefndin breytinguna í Lögbirtingablaðinu áður en hún kemur til framkvæmda.

**VI. BRÁÐABIRGÐAÁKVÆÐI**

Orkuverð samkvæmt I. kafla gjaldskrárinnar miðast við, að útsöluverð dieselolíu í Bolungarvík sé 820 kr. tonnið, en fyrir hverjar 20 kr., sem verð á oliutonni hækkar eða lækkar frá því, skal orkuverðið hækka eða lækka um 1 eyri hver kwst. á öllum liðum.

Gjaldskrá þessi, sem hreppsnefnd Hólshrepps hefur samið og samþykkt, og gerð er samkvæmt vatnalögum, nr. 15 20. júní 1923, og raforkulögum, nr. 12 2. apríl 1946, staðfestist hér með til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Atvinnumálaráðuneytið, 25. marz 1952.*

**Hermann Jónasson.**

*Þorv. K. Þorsteinsson.*